

Umhverfis- og lýðheilsuþing Stórutjarnaskóla Þriðjudaginn 5. apríl 2016

Kæru sveitungar.

Þriðjudaginn 5. apríl nk. munu starfsmenn og nemendur Stórutjarnaskóla í 7. skipti halda umhverfis- og lýðheilsuþing í skólanum. Nú stöndum við öll frammi fyrir mikilvægum endurbótum og breytingum á sorphirðumálum í sveitarfélaginu og því hvetjum við fólk til að koma og vera með okkur þessa stund. Þingið verður í sal skólans , það hefst kl 13:15 og stendur til kl. 15:15.

Nemendur skólans verða í mikilvægum hlutverkum að venju, með hljóðfæraleik, söng og glærukynningar.

Aðal fyrirlesari þingsins verður Brynhildur Bjarnadóttir lektor við Háskólann á Akureyri en hún verður með erindi sem hún kallar *Undur náttúrunnar - maðurinn, plönturnar og loftslagið* –

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar sem nemendur framkvæmdu í janúar og febrúar sl., en þá vigtuðu þeir samviskusamlega allar matarleifar eftir matartíma skólans í tengslum við umræðu um matarsóun í heiminum. Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri mun gera grein fyrir nýju fyrirkomulagi sorpmála og flokkunar í sveitarfélaginu. Einnig verður fjallað um vistheimt í verki og hugsanlega þátttöku skólans í því samhengi í samstarfi við Landvernd. Tónlistarkennarar tónlistardeildar sjá um undirbúning og framkvæmd tónlistaratriða.

Allt eru þetta þættir sem eiga erindi til allra og því eru foreldrar og aðrir íbúar sveitarinnar hvattir til að koma og taka þátt í ánægjulegri og fræðandi dagsstund.

Með góðum kveðjum

Umhverfisnefnd Stórutjarnaskóla



Grænfúnaskóli



Heilsueflandi grunnskóli



Viðtalstími sveitarstjórnarfulltrúa

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir og Ragnar Bjarnason, sveitarstjórnarfulltrúar, verða til viðtals í Stórutjarnaskóla

fimmtudaginn 31. mars n.k. frá kl. 20:00-21:30

þar sem íbúum gefst kostur á að koma og ræða málefni sem snerta sveitarfélagið.

Íbúar eru hvattir til að nýta sér þessa viðtalstíma.
Sveitarstjóri.

Þingeyingar, ferðafólk,

Munið hina árlegu

páskátónleika Músík í Mývatnssveit

Á skírdag 24. mars 2016 kl. 20:00 tónleikar í Skjólbrekku.

Tónlist eftir m.a. Dvorák, Khachaturian og Menotti.

Á föstudaginn langa 25. mars 2016 kl. 21:00 í

Reykjahlíðarkirkju.

Tónlist eftir m.a. Bach, Händel, Gluck og Mozart.

Flytjendur:

Sesselja Kristjánsdóttir mezzosópran

Trio Síra Jón:

Laufey Sigurðardóttir fiðla

Einar Jóhannesson klarinett

Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanó

Aladár Rácz píanó

Og á skírdag 24. mars syngur með þeim Karlakórinn Hreimur stjóndandi kórsins er Steinþór Þráinsson.

Miðasala við innganginn.

Músík í Mývatnssveit

Anna Birta Tryggvadóttir miðill

heldur skyggnilýsingarfund

í Snælandi á Húsavík

fimmtudaginn 24. mars kl. 20:00

Sumarferð FEBB.

Dagana 11. 14. júní, ætlar Félag eldri borgara í Þingeyjarsveit í ferðalag um Austurland.

Fyrsta daginn verður ekið austur á Breiðdal og þar verður gíst á Hótel Staðarborg í 3 nætur.

Annar daginn, farið á Djúpavog og Höfn í Hornafirði.

Þriðja dag, á Stöðvarfjörð og Fáskrúðsfjörð.

Fjórtða dag, heimferð, um Reyðarfjörð, Eskifjörð og Fagradal.

Nánar auglýst síðar.

Nefndin: Magga 8928640.

Begga 4643570.

Kristján 8677913.



Sparisjóður Suður-Þingeyinga

Við óskum eftir sumarstarfsfólki fyrir sumarið 2016 í afgreiðslur okkar í Reykjahlíð og á Laugum.

Helstu verkefni eru ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum.

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, sjálfstæðir og með góða þjónustulund.

Umsóknir með ferilskrá skulu sendar á netfangið annakaren@sphin.is fyrir 1. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Anna Karen Arnarsdóttir, sparisjóðsstjóri í síma 464-6200 / annakaren@sphin.is

12. tbl.
23. mars
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Helgihald í Grenjaðarstaðarprestakalli um páska og í dymbilviku

23. mars: Kyrrðar- og bænastund í Nesi klukkan 20:00

24. mars, Skírdagur: Messa á Þóroddsstað klukkan 20:30

26. mars: Pákavaka á Grenjaðarstað klukkan 23:30

27. mars, Páskadagur: Hátfíðamessa á Einarstöðum klukkan 14:00

27. mars, Páskadagur: Hátfíðamessa í Nesi klukkan 16:00

Lokahátíð sunnudagaskólans verður
að Vestmannsvatni 3. apríl klukkan 11 - 13

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.

Aðalsafnaðarfundur Grenjaðarstaðarsóknar

verður haldinn að Grenjaðarstað
mánudaginn 4. apríl kl. 20:00
Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf